
Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál



Nýr vegur og brú í Kjálkafirði yfir í Múlasveit í Reykhólahreppi. Mynd Eggert Stefánsson

Skýrsla til 59. Fjórðungspings Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014

Sagan endalausa eða mottó dagsins:

Vestfjarðavegur 60 um Barðastrandarsýslu, frá Flókalundi að Bjarkalundi, er eina vegtenging íbúa í Barðastrandarsýslu við aðalþjóðveg landsins. Þrátt fyrir niðurskurð vegafjár er það skýlaus krafa Vestfirðinga að strax á þessu ári hefjist framkvæmdir við endurgerð Vestfjarðavegar og að staðið verði við áður samþykktar áætlanir án frekari tafa. Um leið vill Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga beina því til yfirvalda samgöngumála, að fjármunir sem eru á Samgönguáætlun og í aukafjárveitingum vegna mótvægisáðgerða til Vestfjarðavegar, falli ekki niður eða verði fluttir í önnur verkefni. En fjármagn hefur legið óráðstafað, þar sem framkvæmd þeirra hefur margoft verið frestað vegna dómsmáls og tafa við hönnunar- og útboðsvinnu.

Jafnframt leggur Samgöngunefnd áherslu á að hönnun og undirbúningur að jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, verði fram haldið af fullum þunga. Ennfremur vill samgöngunefnd FV benda á samgönguleysi íbúa Árneshrepps við aðra hluta Strandarsýslu og þar með þjóvegakerfi landsins. Hér leggur nefndin mikla áherslu á að uppbygging vegar sem tengir Árneshrepp við næstu sveitarfélög verði lokið sem fyrst.

(Samþykkt Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga í janúar 2009.)

1. Samgöngunefnd: Fastanefnd FV um samgöngumál

„Innan vébanda Fjórðungssambands Vestfirðinga starfar fastanefnd um samgöngumál. Hún gætir hagsmuna Vestfirðinga í samgöngumálum, fundar reglulega, stendur fyrir stefnumótun í málaflokknum, heldur málþing, þrýstir á ríkisvaldið. Samgöngunefndin hefur samvinnu við sveitarfélögin og ríkisvaldið eftir því sem mögulegt er. Skýrsla nefndarinnar er flutt árlega á Fjórðungshringi Vestfirðinga.“ (www.vestfirdir.is = heimasíða Fjórðungssambandsins).

Fastanefnd FV um samgöngumál 2013-2014:

Sigurður Pétursson, formaður, Ísafjarðarbæ
Elías Jónatansson, Bolungarvíkurkaupstað
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafjarðarhreppi
Gústaf Jökull Ólafsson, Reykhólahreppi
Guðbrandur Sverrisson, Kaldrananeshreppi

Varafulltrúar:

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Ísafjarðarbæ, Magnús Ólafs Hansson, Vesturbyggð, Eiríkur Kristjánsson, Reykhólahreppi, Ingólfur Benediktsson, Árneshreppi.

Stærsta framtak Samgöngunefndar FV var **Fundardagurinn mikli** í Reykjavík. Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga fundaði þá með stofnunum og embættum í Reykjavík þriðjudaginn 25. mars 2014. Nefndin og framkvæmdastjóri sambandsins fengu aðstöðu í höfuðstöðvum Sambands íslenskra sveitarfélaga og til fundar var stefnt Vegamálastjóra og fulltrúum Vegagerðarinnar, Isavia, Póst- og fjarskiptastofnunar, Fjarskiptasjóðs og tveggja fjarskiptafyrirtækja. Loks var haldið niður í Innanríkisráðuneyti og þar var fundað með embættismönnum í ráðuneytinu. Fundir þessir voru mjög gagnlegir fyrir okkur nefndarmenn, en ekki síður fyrir þá sem komu fengu að hlýða á sjónarmið okkar Vestfirðinga. Fyrr um veturinn áttu framkvæmdastjóri FV, Aðalsteinn Óskarsson, og formaður nefndarinnar fund með

Samgöngu- og umhverfisnefnd Alþingis, þar sem kynntar voru ályktanir og áherslur síðasta Fjórðungsþings. Auk þessa hélt nefndin tvo símafundi á liðnu starfsári.

Samgönguráð er apparat á vegum stjórnvalda sem fer með stefnumörkun í samgöngumálum, sérstaklega við endurskoðun samgönguáætlana. Á vegum ráðsins var haldinn fundur á Ísafirði hinn 30. apríl með fulltrúum Fjórðungssambandsins og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Var það mjög góður og málefnalegur fundur, þar sem Vestfirðinga komu sjónarmiðum sínum skýrt til skila á vegamálum, flugmálum og fjarskiptamálum.

2. Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit: Teigskógur eða hvað?

„Frá því ný langtímaáætlun í samgöngumálum var samþykkt á Alþingi í júní 2012 og breytingum á framkvæmdaáætlun með viðbótarfjármagni úr sérstakri fjárfestingaáætlun sem samþykkt var í framhaldi, var staðfest sú stefna að Vestfirðir væru í forgangi hvað varðar vegafamkvæmdir á landinu. Vestfjarðavegur 60 skal kláraður, Dýrafjarðargöng skulu grafin og nýr vegur lagður um Dynjandisheiði og lagður nýr vegur um Veiðileysuháls og Bjarnarfjarðarháls í Strandasýslu. Ekkert af þessum stóru málum okkar Vestfirðinga í samgöngumálum eru í sjónmáli, þó að þau séu komin á blað. Vegagerðin vinnur nú að matsáætlun fyrir fimm mismunandi leiðir í gegnum Gufudalssveit.“

– Skýrsla Samgöngunefndar FV á Fjórðungsþingi í Árnosi í október 2013.

...

Á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga í Þróunarsetrinu Skor á Patreksfirði þann 20. september var rætt um vegagerð í Gufudalssveit og tekið til umræðu erindi Skipulagsstofnunar frá 9. september: „Ákvörðun um tillögu að matsáætlun Vestfjarðavegar 60 milli Bjarkalundar og Melaness.“ Skipulagsstofnun var þar að svara erindi Vegagerðarinnar frá 4. júlí um tillögu að matsáætlun fyrir Vestfjarðarveg með nýrri útfærslu veglína. Í svari Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin fellst ekki á tillögu Vegagerðarinnar, en setur jafnframt fram leiðbeiningar um málsmeðferð. Vegagerðin ákvað síðan þann 18. september að kæra niðurstöðu Skipulagsstofnunar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga beinir því til stjórnvalda að ljúka án frekari tafa undirbúningi og ákvarðanatöku, svo hægt sé að hefja lagningu nýs láglandisvegar um Gufudalssveit (Vestfjarðavegur 60).

Stjórn Fjórðungssambandsins telur í þeim efnum, algjörlega óásættanlegt að tefja málið með því að kæra það til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þessi framkvæmd er grundvallaratriði fyrir öryggi vegfarenda og eflingu byggðar á Vestfjörðum og má ekki dragast meira en þegar er raunin. Sú óvissa sem uppi hefur verið um framkvæmdina síðustu árin er óþolandi, rétt eins og sú staðreynd að Vestfirðingar njóta enn ekki þeirra sjálfsögðu réttinda að byggðir séu tengdar saman og við hringveginn með nútímalegum heilsársvegum. Það er krafa Vestfirðinga að það muni ekki bitna á öðrum nauðsynlegum samgönguverkefnum á Vestfjörðum, ef verkefnið verður kostnaðarsamara en að hefur verið stefnt hingað til.

Dýrafjarðargöng og Dynjandisheiði

Fjórðungsþing Vestfirðinga árið 2013 lagði áherslu á að ekki væri kvikað frá þeirri framkvæmdaáætlun sem Alþingi samþykkti 2012 og fól í sér flýtingu framkvæmda við Dýrafjarðargöng og á Dynjandisheiði á árunum 2015-2018. Ríkisstjórn Íslands sem við tók vorið 2013 féll frá þessu og nú eru göng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar á áætlun 2017-2019. Enn er ráð að þrýsta á flýtingu framkvæmda, því hönnun er lokið og Vegagerðin tilbúin til að bjóða verkið út þegar ákvörðun stjórnvalda um fjárframlög liggur fyrir.

Vegurinn norður í Árneshrepp

Á Alþingi kom fram í vor að í drög að þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2013-2016 hefði verið samþykkt í ríkisstjórn, en hún hefur samt ekki enn verið lögð fram og sagt að hún komi ekki fram fyrir en í ársbyrjun 2015 um leið og endurskoðuð langtímaáætlun kemur fram. Í þessum drögum er gert ráð fyrir vinnu við vegagerð um Bjarnarfjarðarháls á árunum 2015-2016. Nýr vegur verði 7,5 km langur og eiga framkvæmdir að geta hafist sumarið 2015. Reiknað er með sömu fjárveitingu og í fyrri drögum að samgönguáætlun, frá 2013, eða 200 milljónum árið 2015 og hækkun í 420 milljónir árið 2016. Þetta kom fram í svari Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra við fyrirspurn Elnu Láru Arnardóttur alþingismanns á Alþingi.

Í þingsályktun um 12 ára samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022 er gert ráð fyrir fjármagni til vegagerðar um Veiðileysuháls í beinu framhaldi af framkvæmdum yfir Bjarnarfjarðarháls. Vegagerðin hefur skoðað nokkra valkosti fyrir nýja veglínu yfir hálsinn og að auki kannað möguleika á að fara fyrir Kamb í stað þess að fara yfir Veiðileysuháls. Í nýsamþykktu aðalskipulagi Árneshrepps 2005–2025 ákvað sveitarstjórn að setja inn líklegustu veglínuna yfir Veiðileysuháls, en þó er þar einnig gert ráð fyrir leiðinni fyrir Kamb sem möguleika til framtíðar. Vegagerð um aðra hluta leiðarinnar, svo sem veginn fyrir Kaldbakshorn annars vegar og um Kjörvogshlíð hinsvegar, verður erfiðari í framkvæmd og hefur Vegagerðin unnið að gerð frumdraga fyrir mögulegar lausnir á þeim leiðum. Heimamenn hafa bent á jarðgöng úr Reykjarfirði yfir í Trékyllisvík sem mögulegan kost.

Önnur aðkallandi verkefni í vegagerð:

- Lagfæringar á veginum um Súðavíkurhlíð
- Nýr vegur út á Látrabjarg
- Einbreiður vegur í Seyðisfirði og yfir Eiði í Hestfjörð í Ísafjarðardjúpi
- Brú og blindhæð við Haukabergr á Barðaströnd
- Einbreið brú í botni Tálknafjarðar
- Einbreið brú í botni Kollafjarðar í Reykhólasveit
- Vegabætur og endurbætur á slitlagi á Strandavegi, í Bitrufirði og utanverðum Hrútafirði

3. Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og á Gjögur eru almenningsgöngur

Þó að rekstur flugvalla gangi ágætlega, að mati Isavia, er það staðreynd að viðhald mannvirkja og tækjabúnaðar á flugvöllum, þar með talinn ljósabúnaður og öryggissvæði, hefur verið skorið mjög mikið niður og horfur slæmar ef miðað er við nýtt fjárlagafrumvarp, þar sem enn er beitt niðurskurði. Brýnt er að endurbótum á Gjögurflugvelli verði lokið á næsta ári. Gert er ráð fyrir að til þess þurfi 90 milljónir í klæðningu vallarins og 81 milljón króna í rafkerfi og ljósabúnað.

Eins kunnugt er, þá er Þingeyrarflugvöllur eingöngu sumarbraut eftir að flugvélar Flugfélagsins sporuðu sig niður úr slitlaginu í mars 2013. Þar var aðeins lent einu sinni í sumar. Engar fjárveitingar hafa fengist til lagfæringa og ekki útlit fyrir breytingu þar á. Ef Þingeyrarflugvöllur á að vera varavöllur fyrir Ísafjörð þarf fyrst og fremst á honum að halda frá hausti til vors. Lagfæringar á vellinum munu kosta um 90 milljónir króna.

Önnur verkefni sem bíða eru malbikun bílastæða við flugvöllinn á Ísafirði og bygging tækjageymslu á Bíldudal.

Almenningssamgöngur á landi

Stjórn og framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins hafa unnið að samningum um almenningssamgöngur á landi í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda, Vegagerðar og landhlutasamtaka. Markmiðið hefur verið að koma á heilsárssamgöngum á tveimur leiðum, á milli Ísafjarðar og Hólmavíkur (sem tengjast Strætó frá Hólmavík til Borgarness) og frá Bíldudal um Tálknafjörð og Patreksfjörð að Brjánslæk í tengslum við Breiðafjarðarferjuna Baldur. Þriðja leiðin er að koma á áetlunarferðum að sumrinu á milli Ísafjarðar og Brjánslækjar. Fólksflutningafyrirtæki hafa áhuga á málinu og voru tilbúnar til að gera samninga til reynslu um akstur á þessum leiðum. Gallinn er hinsvegar sá, að allt of litlir fjármunir eru eyrnamerkir þessum leiðum og þurfa að koma til samningar Vestfirðinga við samgönguyfirvöld, sambærilegir við þá sem gerðir voru um stuðning við almenningssakstur á höfuðborgarsvæðinu.

4. Fjarskiptamál: Hringtenging Vestfjarða

„Öflugt netsamband í öll byggðarlög er krafa nútímans, líkt og símasamband var fyrir einni öld. Stjórnvöld verða að tryggja framgang þessa máls, með þeim ráðum sem duga. Þegnar landsins eiga ekki að líða fyrir skipulagsleysi í fjarskiptamálum. Það er skylda stjórnvalda að jafna möguleika allra íbúa landsins til grunnþarfa, til að styrkja atvinnulíf og samfélag á öllu landinu.“ Þetta var samþykkt á síðasta Fjórðungssþingi í samræmi við stefnu síðustu þinga um uppbyggingu ljósleiðaranets og hringtenging ljósleiðarans á Vestfjörðum. Úrbætur sem flýta hringtengingu ljósleiðara eða gagnaflutningsnets um Strandasýslu og Ísafjarðardjúp er grundvöllur fyrir atvinnuþróun á Vestfjörðum og jöfnun búsetuskilyrða.

Eftir að netsamband á Vestfjörðum datt niður í fleiri klukkutíma á hábjargræðistíma í sumar, var vakin eftirtekt stjórnvalda á þessu baráttumáli Vestfirðinga. Fyrirheit sem gefin hafa verið af stjórnvöldum í framhaldi og ráðagerðir um veigamikil skref í hringtengingu Vestfjarða strax á næsta ári vekja vonir um að eftir tvö ár komist byggðarlög á Vestfjörðum inn í 21. öldina hvað varðar öryggi í fjarskiptamálum.

Fyrir hönd Samgöngunefndar FV þakkar undirritaður fyrir samstarf við sveitarstjórnarmenn og samgönguyfirvöld og minnir á að með sameiginlegu átaki sveitarstjórna á vettvangi Fjórðungssambandsins ná Vestfirðingar meiri árangri, heldur en þegar hver togar í spottann í sína átt. Ekki veitir af í samkeppni byggðarlaganna um fólk, fjármagn og betri framtíð.

Sigurður Pétursson.

